



2, 11.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON
RITSTJÓRI.

Okt. 1907.

UNDIRBÚNINGUR UNDIR FERMINGUNA.

Um þetta leyti ársins er vanalegt, að börnin, sem fermast eiga, byrji hjá okkur að *ganga til prestins*, eins og það er kallað. Byrjar þá eiginlega undirbúningurinn undir ferminguna í vanalegum skilningi. Þó í raun réttir allur uppeldistíminn á undan sé undirbúningur, þá er þó hér um *sérstakan* undirbúning að ræða.

En að öll foreldri vildu hugsa vel um það, hver þýðing það er fyrir börnin, að þessi undirbúnings-tími í sérstökum skilningi sé vel notaður! Og óskandi væri, að þau líka öll vildu leggja stund á að hjálpa börnunum til þess að færa sér hann vel í nyt.

Marg-oft virðist undirbúningurinn verða nærri því verri en enginn. Börnin eins og verði verri eftir á en áður.

Þarf ekki að furða sig neitt á því, þó svo fari, ef undirbúnings-tíminn er illa notaður — ef illa er farið með það, sem átti að vera til góðs. Að eins eðlilegar afleiðingar. Því æfinglega verður hið góða manningum til ills, ef hann fer illa með það. Það er hegningin, sem hann tekur út fyrir það að fara illa með það.

Samt kennir maðurinn hinu góða um, en ekki sjálfum sér. Kallar þ a ð ilt, en ekki hitt, hvornig hann fór sjálfur með það. Gamli siðurinn að reyna að smeygja sér undan ábyrgðinni. En

sannleikurinn breytist ekkert við það — sári sannleikurinn sá, að hann hafði syndgað móti guði með því að fara illa með það, sem átti að vera honum til góðs. Og lét svo sjálfur það verða sér til ills.

Fermingar-undirbúningurinn er nú ekki aðallega fólginnt í því, að barnið læri kverið sitt og biblíu-sögurnar sínar, heldur í því, að barnið *lærir að lifa* — að lifa eins og guðs barn.

Af öllu, sem dýrðlegt er að læra, er dýrðlegast að læra þetta. Þegar löngunin til þess að lifa eins og guðs barn vaknar hjá manningum, þá finnur hann til þess. Og þegar hann finnur, að hann fær eins og nýja hvöt til þess að lifa eins og guðs barn. Að vakna og sjá, að lífið í guði er mannsins sæla líf — það er dýrðlegt! En þá um leið sér maðurinn, að ljóta og vansæla lífið er að lifa sjálfum sér, en gleyma guði. Þá er vor í mannsál-inni með gróðri og vonum.

Þegar undirbúningurinn hefur þessa vöknun í för með sér, og hana á hann að hafa og þarf að hafa—, þá er hann blessaður. Og þá gleymist hann seint þeim, sem fundu til blessunarinnar — fundu, að hann varð þeim til lífs, en ekki dauða.

En ekki er alt komið undir prestinum, þó sumum finnist það. Alt á að leggja á hann. Ef vel gengur, er honum einum að þakka. Ef illa fer, er honum einum að kenna. Mikið er vitanlega undir honum komið. Mikið undir því komið, hvaða rækt hann leggur við verkið sitt, og með hvaða alúð hann er við það. En það má gera alla viðleitni hans gagnslausa, hvað einlæg og alvarleg sem hún er.

Til þess að hún verði að sannarlegu gagni er áriðandi, að börnin finni til þess, að undir þeim sjálfum er líka komið. Það ríður á, að þau vinni með, ef þau eiga að hafa góð not af tímanum. Það ríður á, að þau sjái, að um velferð þeirra sjálfra er að ræða, og að þau megi ekki fyrir neinn mun fara illa með þennan dýrmæta tíma. Það sé svo mikið í húfi. Á hinn bóginn sé gróðinn svo mikill, ef vel sé farið með hann.

En aumingja-börnin! Þau eiga svo bágnt með að sjá þetta. Það er eins og illar vættir setjist um þau einmitt hvað mest um þetta leyti, þenna vitjunartíma þeirra, og gleppi þau á allan hátt.

Það ríður þá á því, að foreldrarinn sé með og hjálpi börnunum vel að hagnýta sér undirbúnings-tímann, sé eins og guðs heilagir englar á verði í kring um þau gegn illvættunum og kappkosti, að áhrifin frá sér lúki upp, en læsi ekki, guðs ríki fyrir börnunum, og lýsi þeim inn í það.

Því miður virðast foreldrar stundum læsa guðs ríki fyrir börnunum sínum með áhrifum sínum. Skelfilegt er að vita til

þess! Ekki að þau vilji gera það, eða ætli sér það. Öðru nær!
En þau gera það í hugsunarleysi.

Bágt er hugsunarleysið og alvöruleysið. Margt ilt hefur af því leitt. En verst er, hvað ilt það leiðir af sér fyrir börnin.

Vakandi, vinnandi og biðjandi þurfa allir að vera. Presturinn þarf að vera sí-vakandi og vinna með alúð að undirbúningnum. Og biðjandi maður verður hann að vera. Þá þurfa börnin þess líka: Að vinna og biðja. Og aldrei mega foreldrararnir gleyma því, að biðja fyrir börnunum, en sist af öllu tím-ann þann, sem þau eru að búa sig undir ferminguna. En líka að biðja fyrir prestinum.

Foreldrar! Gleymið ekki þessu. Munið að biðja.

Æ, AÐ EG HEFÐI GENGID INN!

Maður nokkur var í vinnu hjá hjarðmanni einum í Ástralíu. Hann var fálátur mjög, og vildi helst fara einförum. Félagar hans heyrðu hann stundum andvarpa og segja við sjálfan sig: „Æ, að eg hefði gengið inn!“ En ekki vissu þeir, hvernig á þessu stóð.

Húsbóndi hans gekk einu sinni á hann með að segja sér, hvað hann ætti við. Og tókst honum eftir talsverða fyrirhöfn að koma honum til að skýra sér frá því.

Hann hafði átt góða foreldra og vel kristna. Og hann hafði, drengurinn, alist upp undir kristilegum áhrifum. En lenti út í soll. Vondir drengir höfðu náð honum í hóp með sér, er myndað höfðu sín á milli ræningjaflokk, og tömdu sér allra handa ódádaverk. Skömmu eftir að hann var kominn í hópinn réðu þeir með sér að fara í ránsferð; en hann vildi ekki vera með, og hljóp í burtu frá þeim og heim. En þegar hann kom að húsdyrnum, sá hann föður sinn vera að byrja bænagerð sína eins og hann var vanur á hverjum degi. Drengur vill ekki vera við bænagerðina. Finst hann ekki eiga þar heima. Ætlar sér að bíða fyrir utan dyrnar, þangað til bænagerðinni sé lokið. En á meðan hann stendur þarna koma nokkrir af lagsbræðrum hans úr ræningjahópnum, kalla á hann og hvetja til þess að slást aftur í hópinn. Með fortölum sínum tekst þeim að fá hann til þess að verða með. Ráns-fyrirætlunum sínum komu þeir í framkvæmd; en urðu uppvísir og voru teknir og dæmdir. Til Ástralíu varð hann að fara. Þetta alt lagðist þungt á hann. Og þegar hann var einn, vöknuðu endurminningarnar um fyrri

daga. Sérstaklega mintist hann oft og sárt stundar þeirrar, er hann stóð fyrir utan húsdýrnar hjá foreldrum sínum og beið með að fara inn, þangað til faðir hans hefði lokið bænagerðinni. Og þá var það, að hann gat ekki stilt sig um að andvarpa : „Æ, að eg hefði gengið inn!“

Við eigum föður á hinnum, sem kallar á okkur og biður okkur að koma til sín. Margan langar til þess að fara til hans, en hann kemur sér ekki að því. Hugsar sér að biða með það. Hann skuli koma seinna. Á meðan lokkar heimurinn hann lengra og lengra burt. En tímar koma, að skemtun heimsins fullnægir ekki. Hann sér tækifærið, sem hann hafði haft til þess að koma til guðs, en hirti ekki um þá. Nú finnur hann, hvað hann hefði þá átt að gera og andvarpar því eins og maðurinn í sögunni: „Æ, að eg hefði gengið inn!“ En veit ekki, að guð er einmitt með því að kalla á hann að koma og að dýrnar að guðs ríki standa honum opnar.

Ó! að ekkert okkar þurfi nokkurn tíma að segja, þegar um seinan er orðið og dyrunum er lokið: „Æ, að eg hefði gengið inn, á meðan eg hafði tækifærið!“

MÓÐURLAUS.

Nýlega stóð miðaldra maður fyrir rétti, kærður fyrir innbrotspjófnað, og var fundinn sekur. Það átti að dæma hann til margra ára fangelsis-vistar. En áður en dómurinn var kveðinn upp yfir honum, bauð dómariinn honum að standa á fætur og segja til, ef hann hefði nokkuð fram að bera sér til málsbótar. Bandinginn stendur á fætur og segir:

„Eg hef aldrei átt móður, sem grátið hefur yfir mér.“

Allir í réttarsalnum, dómariinn líka, komust við af orðunum. Og þó svipur mannsins væri illmannlegur, kendu allir í brjósti um hann. Sjálfur komst hann við. Tárin hrundu niður eftir kinnunum á honum um leið og hann bætti við þessum orðum: „Ef eg hefði notið kærleika móður og tára hennar — ef einhver hefði verið til þess að tala um fyrir mér og biðja fyrir mér—, þá væri eg núna annar maður en eg er.“

Allir, sem hlustuðu á, könnuðust í hjarta sínu við sannleika orðanna. Og allir mintust hennar móður sinnar. Mintust áminninga hennar, nærgætni, bæna, og allar umönnunar og aðhjúkrunar. Mintust alls þess, er þeir höfðu henni upp að

unna. Fundu, hvað úr þeim hefði orðið án hennar; hvernig þeir hefðu verið líklegir til þess að leiðast út í soll og rata í ógæfu og verða að misindismönnum, eins og þessi vesalingur, ef áhrifin hennar móður þeirra hefðu ekki verndað þá.

Um bandingjann segir sagan ekkert frekar. Aðal-tilgangur hennar er að vekja hluttekning með hinum móðurlausu og nærgætni við þá og kærleika til þeirra. Líka er tilgangur hennar sá, að minna þá á, sem góða móður eiga, hvað mikil blessun það sé fyrir þá og fyrir hvað mikið þeir megi vera þakklátir, til þess þeir verði betri við hana móður sína og færi sér betur í nyt hjálpina hennar.

Margur unglingurinn hugsar lítið um það fyrr en um seinan, hvað hann á henni móður sinni upp að unna, og hvað það eiginlega er að eiga góða og kærleiksrika móður. Þess vegna eru þeir svo miklu verri við hana en þeir ella myndu vera, ef þeir hugsuðu um, hvað þeir væru að gera. Þeir myndu ekki skaprauna henni eins oft með þráa og óhlýðni og hortugum orðum — ekki serra eins með framferði sínu *hjartað, sem ann þeim heitast og heilast.*

Börn! verið góð við hana mömmu ykkar. Þið getið aldrei verið of góð við hana. En sýnið henni ekki blíðu bara með því að klappa henni og kyssa hana og segja henni, að ykkur þyki svo undur vænt um hana, heldur eigið þið um fram alt að sýna henni, að þið elsið hana, með hlýðni og hjálpsemi.

ÖRLÆTI.

Við guðsþjónustu eina síðastliðinn Ágústmánuð, um það leyti ársins einmitt, sem guðsþjónustur eru því miður vanalega illa sóttar, kom inn offur til trúboðs upp á 27 hundruð dollara.


En það hefur verið í stórborg og í stór-auðugum söfnuði—hugsar líklega einhver. Nei! Það var nú einmitt ekki í neinni stórborg. Ekki heldur var það í stór-kirkju neins stór-safnaðar. Og engir stór-auðugir menn voru viðstaddir — engir millióna-eigendur, er snarað geta út nokkrum hundruðum eða þúsundum án þess að finna nokkra ögn til þess efnalega, þó þeir kunni líklega að finna til þess á einhvern annan hátt. Þótt undarlegt megi þykja, kom þetta fyrir í indíönsku héraði einu í Suður-Dakota í Bandaríkjunum. Söfnuðurinn, sem bar fram offrið, voru indíönskar konur, sem höfðust við í tjöldum um heitasta tímann. Þeim var svona ant um trúboðið. Og þær áttu svona

mikið af góðum vilja. Og þær voru svona fúsar að leggja þetta á sig. Þó þær hafi ekki verið lærðar, þá skildu þær það, að trúboðsverkið þarf að vinna og að það var *þeirra* að vera með í því verki. Og ekki hafa þær haft löngun til þess að smeygja sér undan því og koma því á aðra, sem meiri máttar voru. Þær hafa talið það *heiður*, að fá að vera með. Lífið hefur verið þeim meira virði einmitt fyrir það, að þær fengu að vera með í verki, sem guð vildi að unnið væri heiminum til blessunar. Það hefði verið að ræna þær dýrðlegum réttindum, ef gengið hefði verið fram hjá þeim og þær hefðu ekki verið beðnar að vera með.

Að vísu er það ekkert undarlegt, að annað eins framlag til slíks verks skyldi koma úr annarri eins átt. Þau hafa æfinlega verið mest framlögin úr þeirri áttinni til alls verks fyrir guðs ríki. Frá smá-þjóð kom frelsari heimsins. Af fátækri konu fæddist hann. Fátækum var fagnaðarerindið boðað. Fátækir voru þeir, sem fluttu það út um heiminn. Það er þá ekkert undarlegt. Þó hinir smáu sé enn hinir *stærstu* og leggi stærstu framlags-fúlguna til guðs ríkis í heiminum.

Það er þá sérstakt tækifæri fyrir okkur Íslendinga að vera með svo að muni — *af því við erum smáir*.

En það er guð, sem þarf að gera okkur, hina smáu, að stórum verkamönnum í vingarði sínum. *Hann* vill það. Viljum við það?



REYKHÁFAHREINSARINN Í KONUNGSHÖLLINNI.

(Þýtt—handrit H. Kr. Fr.)

Einhverju sinni átti ungur reykháfhreinsari að hreinsa reykháf í herbergjum konungsdóttur nokkurrar. Þá er hann komnið úr strompinum aftur, kom hann inn í skrautbúinn sal, og tók hann að virða fyr'r sér hina mörgu skrautgripi, er þar voru inni. Þar var og stundaklukka ein úr gulli, alsett demöntum, og varð drengnum einkar starsýnt á hana. Hann tók hana í hönd sér, og langaði mjög til að eiga hana. Því lengur sem hann virti stundaklukkuna fyrir sér, því meiri varð freistingin hjá honum til að stinga henni á sig. Hann volkaði lengi fyrir sér, hvort hann ætti að taka klukkuna eða ekki, og talaði þannig við sjálfan sig:

„Taktu hana; konungsdóttirin er auðug og þarf ekki stundaklukku þessarar við, enda má hún við að missa hana; hún getur

keypt sér aðra aftur jafn-fagra, ef hún vill. En þú ert fátækur, og dregur lífið fram í vesöld. Ef þú seldir stundaklukkuna þessa, gætir þú fengið stórfé fyrir hana og orðið alt í einu velsældar-maður. — En þá gerdist þú og Þjófur, og í Fræðunum stendur með berum orðum: Þú skalt ekki stela. Postulinn segir og, að Þjófar og ræningjar muni ekki erfa guðs ríki. Eg skal láta stundaklukkuna kyrra, þar sem hún er. — Þig langar þó svo ákaft til að eiga stundaklukkuna, og hvernig á það að komast upp, að þú hafir tekið hana? Þú hleypur þegar burt með hana, og burt úr bænum, og rá fær enginn það að vita. Drottinn veit þó, að eg er Þjófur, og samviska mín mundi vitna í gegn mér, og ekki láta mig hafa frið alla mína æfi. Vér eigum að óttast og elska guð, svo að vér ekki tökum eigur náunga vors.“

Þetta var samtál hans við sjálfan sig. Hann stóð lengi grafskyrr, og var óráðinn, hvort hann ætti að fara eftir löngun sinni eða eftir því, sem stóð í Fræðunum. Að síðustu sigraðist hann þó á girndum sínum og mælti: „Nei, eg tek ekki stundaklukkuna; þá drýgði eg synd“, lagði hana á borðið, fór upp um reykháfinn og heim til sín, og taldi vist, að enginn hefði séð hann eða heyrt á tíma freistingarinnar.

En svo vildi til, að konungsdóttir hafði verið í næsta herbergi, og heyrði alt saman, með því að hurðin milli herbergjanna stóð í hálfu gátt. Ef drengurinn hefði tekið stundaklukkuna, hefði hún gengið inn, og staðið hann að verki; en með því að hann lagði stundaklukkuna á sama stað aftur, lét hún ekkert á sér bera; en þegar sama daginn sendi hún boð eftir drengnum. Með mesta hraða bjóst hann hinum bestu klæðum sínum, og gekk til hallarinnar; var hann þá mjög hræddur, og fleygði sér þegar flötum fyrir fætur konungsdóttur. En konungsdóttir ávarpaði hann blíðlega, hældi honum fyrir frómleik hans, og hvatti hann að óttast guð og vanda breytni sína. Að síðustu spurði hún hann, hvort hann vildi heldur halda fram iðn sinni, eða nema eitthvað annað. Hann kvaðst gjarnan vilja læra eitthvað meira, ef auðið væri, og lét þá konungsdóttir kenna honum alt það, er hann hafði löngun til að nema, og kostaði fræðslu hans af sínu fé. Hann var iðinn og hegðaði sér vel, og varð að lokum maður vel metinn og virtur, og ávalt þakklátur við guð og konungsdóttur.

TIL GAMANS.

Fékk loksins að heyra sannleikann. Ung móðir við kunningja-konu sína: „Læknirinn segir, að barnið mitt sé ósköp líkt mér.“ — Kunningja-konan: „Einmitt það! Mig langaði til

þess að segja það líka, en þorði það ekki. Eg var hrædd um, að þú reiddist mér.“

Forsjálni: Lítil stúlka 7 eða 8 ára stóð einu sinni fyrir utan hliðið heima hjá sér og vildi komast inn. Í því kom maður gangandi fram hjá. Hún snýr sér að honum og segir: „Viltu gera svo vel að opna hliðið fyrir mig?“

Maðurinn gerði það. Segir svo við krakkann blíðlega: „En hvers vegna gast þú ekki lokið upp hliðinu sjálf, barnið mitt?“

Stúlku-hnökkinn svarar: „Af því málið var ekki orðið þurt. Líttu á hendurnar á þér.“

Nærgætinn brúðgumi. Piltur og stúlka giftust hérna á dögnum. Bæði voru þau í fastri stöðu. Daginn eftir giftinguna segir hún við manninn sinn, sem henni þykir undur vænt um:

„Nú, þegar við erum gift, er það bara einn einasti hlutur, sem mér þykir fyrir. Og það er það, að eg þarf að segja upp stöðu minni.“ — Hann tekur hana inn að sér og segir mjög ástúðlega: „Elskan mín! Nú verður þú að vera í góðu skapi. Og eg vil gera alt fyrir þig, til þess þú getir verið það. Þú þarft ekki að segja upp stöðu þinni. Eg skal segja upp minni.“

Útgáfunefnd barnablaðs kirkjufélagsins þakkar unga fólkinu fyrir nöfnin, sem það sendi. Það gladdi nefndina að verða vör við mikinn áhuga fyrir útgáfu blaðsins nú þegar. Boðsbréf er verið að senda út um þessar mundir, og vonast nefndin eftir mörgum áskrifendum og góðum undirtektum.

„Sameiningin“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „Börnin“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „Sam.“, hálf örk. Address ritstjóra „Barnanna“: Selkirk, Man. — „Börnin“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „Sam.“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „Sam.“ og „Barnanna“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man.
Canada.